



ÁRSRIT GKG 2009



Djúpavík.

Þegar þú vilt hverfa
í eitthvað annað en fjöldann.



Höfuðborgarsvæðið: Bankastræti 5,
Faxafen 12, Kringlan, Smáralind og Miðhraun 11
Akureyri: Glerártorg
Keflavík: Leifsstöð og söluaðilar um allt land.

www.66north.is

Klæddu þig vel



INNGANGUR

Ágætu félagar í GKG

Stjórnin leggur hér fram ársskýrslu 2009 eins og lög gera ráð fyrir. Skýrslan sýnir glögglega hið viðamikla starf sem unnið er í klúbbum okkar. Margir hafa komið að gerð skýrslunnar og vil ég þakka þeim fyrir vel unnin störf.

Óhætt er að segja að mikil gróska sé í starfseminni og að margt hafi áunnist í viðleitni okkar í að gera GKG að einum

besta golfklúbbi landsins. Sú stefna var mótuð strax í upphafi starfsársins að leggja megin áherslu á snyrtingu vallarins og bæta allt aðgengi að vellinum. Það hefur að mínu mati tekist mjög vel og þá er vert að geta glæsilegs árangurs okkar bestu kylfinga í mótum sumarsins. Það er því full ástæða til að horfa björtum augum til framtíðar.

Guðmundur Oddsson,
formaður GKG.



EFNISYFIRLIT

Inngangur

1. kafli - Félagssvið

- 1.1 Stjórn og nefndir
- 1.2 Fjöldi félaga
- 1.3 Stjórnarstörf
- 1.4 Samskipti við sveitafélögin
- 1.5 Starfsmannamál
- 1.6 Vinavellir
- 1.7 Glæsilegt afrek
- 1.8 Fjármálin
- 1.9 Kvennanefnd
- 1.10 Öldungastarfið 2008
- 1.11 Nýliðanefnd
- 1.12 Kynningarnefnd

2. kafli - Íþróttasvið

- 2.1 Afreksnefnd
- 2.2 Úrslit í meistaramótinu
- 2.3 Mótanefnd
- 2.4 Ársskýrsla íþróttastjóra
- 2.5 Ársskýrsla afreksþjálfara
- 2.6 Ársyfirlit unglínganefndar
- 2.7 Skemmtinefnd

3. kafli - Framkvæmdasvið

- 3.1 Vallarnefnd
- 3.2 Skýrsla vallarstjóra
- 3.3 Fjáröflunarnefnd
- 3.4 Vetrarvöllur 2009 - 2010

4. kafli Fjármál

- 4.1 Áritun óháðs endurskoðanda
- 4.2 Rekstrarreikningur
- 4.3 Efnahagsreikningur
- 4.4 Eigið fé og skuldir
- 4.5 Sjóðsstreymi

Lokaorð

Ársskýrsla 2009



Ólafur E. Ólafsson
framkvæmdastjóri GKG
olafure@gkg.is

Ársrit GKG 2009

Útgefandi: Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar.

Ábyrgðarmaður: Ólafur E. Ólafsson

Hönnun og útlit: Pipar\TBWA auglýsingastofa
www.pipar-tbwa.is

Ljósmyndir: Gummi vallarstjóri, Ólafur E. Ólafsson og einkasafn.


Prentun: Svansprent

Sérstakar þakkir:
Sigurður Hlóðversson.




Aftari röð frá vinstri: Símon Kristjánsson, Gunnar Jónsson, Kristinn Jörundsson, Gunnar Páll Þórisson og Ólafur E. Ólafsson. Sitjandi frá vinstri: Jónína Pálsdóttir, Áslaug Sigurðardóttir, Guðmundur Oddsson, Bergþóra Sigmundsdóttir og Jón Snorri Snorrason.

LEIKNIR HRINGIR Á LEIRDALSVELLI 2007 - 2008 - 2009



LEIKNIR HRINGIR Á MÝRINNI 2007 - 2008 - 2009



1. KAFLI - FÉLAGSSVIÐ

1.1 Stjórn og nefndir 2009

FORMAÐUR

Guðmundur Oddsson

VARAFORMAÐUR

Jón Snorri Snorrason

GJALDKERI

Áslaug Sigurðardóttir

RITARI

Bergþóra Sigmundsdóttir

MEÐSTJÓRNANDI

Gunnar Jónsson

MEÐSTJÓRNANDI

Kristinn Jörundsson

MEÐSTJÓRNANDI

Símon Kristjánsson

VARAMAÐUR

Jónína Pálsdóttir

VARAMAÐUR

Gunnar Páll Þórisson

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Ólafur E. Ólafsson

VALLARSTJÓRI

Guðmundur Árni Gunnarsson

AÐSTOÐAR VALLARSTJÓRI

Sveinn Steindórsson

ÍPRÓTTASTJÓRI

Úlfar Jónsson

AFREKSPJÁLFARI

Derrick Moore

KENNARI

Haraldur Þórðarson

AFREKSNEFND

Gunnar Páll Þórisson

Áslaug Sigurðardóttir

Ólafur Sigurðsson

Valgeir Tómasson

AGA- OG DÓMARANEFND

Kjartan Bjarnason

MARKAÐS- OG FJÁRÖFLUNARN.

Jón Snorri Snorrason

Ólafur E. Ólafsson

FORGJAFARNEFND

Kjartan Bjarnason

KVENNANEFND

Bergþóra Sigmundsdóttir

Erla Leifsdóttir

Signhild Borgþórsdóttir

Sesselja Magnea Matthíasdóttir

Vigdís Ársælsdóttir

KYNNINGARNEFND

Ari Bergmann Einarsson

Ólafur E. Ólafsson

Sigurður Hlöðversson

MÓTANEFND

Heimir Jón Guðjónsson

Jónína Pálsdóttir

Sigurjón Sigurjónsson

Gunnar Árnason

Sigurður Hlöðversson

Björn Steinar Stefánsson

Kristján Ármannsson

NÝLIÐANEFND

Úlfar Jónsson

Derrick Moore

UNGLINGANEFND

/FORELDRARÁÐ

Gunnar Jónsson

Jón Hörðdal Jónasson

Ragnheiður Sigurðardóttir

VALLARNEFND

Símon Kristjánsson

Andrés Guðmundsson

Guðmundur Árni Gunnarsson

Kristján Jónasson

Árni Zophoniasson

Sigurður Skúli Bárðarson

ÖLDUNGANEFND

Einar Kristinsson

Helga Elisdóttir

LAGANEFND

Gunnar Jónsson

KJÖRNEFND

Steinar J. Lúðvíksson

Einar Gunnar Guðmundsson

SKEMMTINEFND

Sigurður Hlöðversson




Lórenz Þorgeirsson

Bjarni Baldvinsson





1.2 Fjöldi félaga





1.3 Stjórnarstörf

Á þessu starfsári hefur stjórnin haldið 10 bókaða fundi og síðan einn almennan félagsfund. Þá hafa stjórnarmenn setið fjölmarga fundi með ýmsum aðilum þar sem rætt hefur verið um einstaka þætti í starfsemi GKG og framtíð klúbbsins. Mikill tími hefur farið í viðræður við forráðamenn sveitarfélaganna, Kópavogs og Garðabæjar. Stjórnin hefur ásamt framkvæmdastjóra lagt mikla vinnu í fjármál klúbbsins. Þetta eru vitaskuld mál málanna og þau verða að vera í góðu lagi. Við gerðum í upphafi starfsársins ráð fyrir 10% fækkun félaga sem myndi skerða verulega tekjur klúbbsins. Þá var farið yfir einstaka útgjaldaliði og þeir skornir niður eins mikið og við þörðum. Þannig bjuggum við okkur undir efnitt rekstrarár og vorum viðbúin hinu versta. Í upphafi árs leit út fyrir að spár okkar um fækkun félaga myndi rætast og kannski yrði fækkun félaga meiri en 10% því um 280 félagar sögðu sig úr klúbbum. Strax á vormánuðum sáum við að nýtt fólk sótti um inngöngu í klúbbin og nú í lok þessa starfsárs eru félagar nánast eins margir og voru í árslok 2008 eða 1560 talsins. Þetta skipti okkur afar miklu rekstrarlega og gaf okkur vonir um að sú aðhaldsstefna sem mótuð var í upphafi árs myndi skila okkur góðri rekstrarniðurstöðu fyrir árið í heild. Stjórninni er það bæði ljúft og skylt að þakka Ólafi framkvæmdastjóra fyrir einstaklega trausta og aðhaldssama stjórn á fjármálum klúbbsins og eins hefur Guðmundur vallarstjóri sýnt mikla útsjónarsemi í rekstri vallarins. Traustir starfsmenn eru gulls ígildi. Stjórnin hefur einnig fjallað mikið um framtíðaruppbyggingu GKG en vegna fjármálaástandsins í landinu hefur ekkert nýtt verið ákveðið í þeim málum en ýmsar hugmyndir eru þó í gangi.

1.4 Samskipti við sveitarfélögin

Á síðasta aðalfundi var greint frá áformun um að byggja æfingahús fyrir klúbbin. Öll byggingaáform hafa verið lögð á hilluna á þessu starfsári en þó eru í skoðun ýmis mál eins og staðsetning á nýjum skála fyrir klúbbin. Skipulagsyfirlöð beggja sveitarfélaganna eru að skoða alla möguleika á staðsetningu og hafa menn þar helst verið að horfa til svæða í kringum grínið á 3. braut og þar sem núverandi 13. braut liggur. Þetta svæði gefur okkur þá möguleika að búa til þrjá 9 holu velli og auk þess að tengja bæði 1. teig sem og 18. grínið þeirri skálastaðsetningu. Öll slík atriði skipta máli því

við verðum líka að hugsa um áhorfendur sem vilja fylgjast með þegar keppnir eru á vellinum. Mér hefur fundist sem félagar í klúbbum séu margir á þeirri skoðun að staðsetning á nýjum skála verði mjög góð á þessum stað en einnig skiptir miklu máli að aðkoman verði góð. Ég legg hins vegar áherslu á það að engin ákvörðun hefur enn verið tekin í þessu máli en stjórnin gerir sér vonir um að á næsta starfsári verði klúbburinn búinn að fá lóðina afmarkaða. Staðsetning skála á þessum stað mun vitaskuld kalla á einhverjar breytingar á vellinum, en þær yrðu ekki umtalsverðar. Margir fundir hafa verið haldnir um leigu klúbbsins á landi Ríkisspítalanna, en það mál er okkur mjög erfitt og virðist lítil áhugi hjá ríkinu að leysa það eins og við viljum. Það mál var leyst nú í haust þannig að sveitarfélögin greiddu leigu síðustu tveggja ára og er klúbburinn því með hreint borð eins og er en okkur hefur verið tjáð að slík lausn verði ekki í boði aftur og því munum við gera ráð fyrir lóðaleigu fyrir næsta ár í fjárhagsáætlun klúbbsins fyrir árið 2010. Næsta stjórn verður því að halda áfram að vinna í þessu þar til viðunandi lausn fæst en svona getur þetta ekki gengið öllu lengur. Loks er rétt að geta þess, að við höfum verið í viðræðum við sveitarfélögin um samstarfssamning um rekstur klúbbsins, en eins og er fær klúbburinn engan styrk til rekstrar og situr því ekki við sama borði og önnur íþróttafélög hvað þetta varðar. Rétt er þó að geta þess að við höfum fengið styrki vegna unglinga- og afreksfólks og það ber okkur að þakka.

1.5 Starfsmannamál

Talsverðar breytingar hafa orðið á föstum starfsmönnum klúbbsins og hafa þrjár fastráðnir starfsmenn hætt störfum. Það er að sjálfsögðu liður í þeirri ákvörðun stjórnar að draga sem mest úr öllum rekstrarkostnaði. Þannig hafa þeir Kristján Jónasson, trjáræktarfrömuður og Jónatan Eiríksson, vélamaður, sem unnið hafa hjá klúbbum um árabíl þegar látið af störfum og þá hefur Alexander Hjálmarsson, bókarí, sömuleiðis hætt en allir þessir menn hafa verið GKG góðir starfsmenn og vil ég þakka þeim kærlega fyrir vel unnin störf. Þá eru samningar við veitingamann skálans lausir og munum við þurfa að huga að nýjum aðilum til að sinna þeirri þjónustu. Á síðasta starfsári var dregið nokkuð úr eftirliti með umferð á völlum og hefur reynslan sýnt okkur að það er þáttur sem við verðum að auka næsta sumar. Rétt er þó að

geta þess að vallargjöldin s.l. sumar námu rúmum 8 milljónum og höfðu þá aukist um rúm 40% frá síðasta ári. Eftirlitsmenn okkar hafa því staðið sig með miklum sóma, en álagið er of mikið og verðum við að bregðast við því. Maður heyrir stöðugt sögur um að all margir spili enn vellina án greiðslu en það gengur auðvitað ekki.

Vinavellir

Síðastliðið ár hafa félagar í GKG getað farið á fjóra svokallaða vinavelli og spilað þar fyrir kr. 1000 hringinn. Vellirnir voru á Hellu, Þorlákshöfn, Akranesi og Borgarnesi. Á síðasta ári þurfti GKG að greiða 1,5 milljónir króna vegna þessa. Ekki hefur verið tekin ákvörðun fyrir næsta sumar, en gera má ráð fyrir því að sömu vellir verði áfram í boði fyrir félagi GKG, því áhugi virðist eindregið mæla með því að halda þessu samstarfi áfram. Stjórnin mun leggja til að áfram verði félagar að greiða kr. 1000 fyrir hvern spilaðan hring.

Glæsleg afrek

Nokkrir kylfingar úr GKG náðu mjög góðum árangri á árinu. Þannig varð klúbbmeistarinn okkar, Alfreð Brynjar Kristinsson, stigameistari í mótarið GSÍ, og lék einnig til úrslita á Íslandsmótinu í holukeppni, sem er frábær árangur. Þá var Ragnar Már Garðarsson, sem leikur í unglingsflokki 13 – 14 ára stigameistari í sínum flokki. Hér er á ferðinni einn helsti framtíðarkylfingur GKG. María Guðnadóttir varð Íslandsmeistari í flokki 50 ára og eldri og þá varð Ingunn Gunnarsdóttir í 3. sæti á Íslandsmótinu í holukeppni. Sigmundur Einar Músson sigraði í einu stigamóti GSÍ auk þess sem hann leikur í landsliðinu. Einna hæst ber þó sigur karlasveitarinnar í Sveitakeppni GSÍ, sem fram fór á Akureyri.

Sá sigur leiddi til þess að sveit GKG tók þátt í Evrópumóti golfklúbba, sem fram fór í Tyrklandi nú í október. Sveitin stóð sig með mikilli þrýði og hafnaði í 10. sæti af 24. Þessi upptalning sýnir okkur styrk GKG nú þegar og ég er sannfærður um að hann mun aukast til mikilla muna í framtíðinni. Við eigum að halda afrekum okkar fólks hátt á lofti og nýta okkur þennan góða árangur GKG til frekari framdráttar. Það eflir allt okkar starf og hvetur okkur til frekari dáða.

Fjármálin

Þó ég muni ekki á þessum stað ræða mikið um fjármál klúbbsins þá er nauðsynlegt að koma aðeins að þeim málum. Rekstur klúbbsins gekk mun betur en við gerðum ráð fyrir í upphafi starfsársins. Reksturinn skilaði rúmum 14 milljónum í afgang og okkur tókst að lækka skuldir klúbbsins um 20 milljónir. Engu að síður skuldar klúbburinn ennþá rúmar 70 milljónir og það er alveg nauðsynlegt fyrir okkur að ná þeim skuldum neðar. Kannski má segja að við þurfum tvö svona rekstrarár til viðbótar til að koma fjármálanum í ásættanlegt horf. Allur kostnaður mun hækka verulega á næsta ári því á þessu starfsári hefur aðhalds verið gætt á öllum sviðum og má raunar segja að öll fita hafi verið skorin af svo ekki verður frekar að gert á næsta ári. Félagar eru nú 1560 og við gerum ráð fyrir einhverri fjölgun félaga á næsta ári. Til að mæta óhjákvæmilegum hækkunum á rekstrarliðum gerir stjórnin ráð fyrir rúmlega 8% hækkun félagsgjalda á næsta ári, en engar hækkunar verða á félagsgjöldum 19 ára og yngri. Á nýafstöðnu ársþingi GSÍ var skattur til GSÍ hækkaður úr kr. 3500 í kr. 3900 pr. félagi. Félagsgjöldin vege 60 – 65% af heilda tekjum klúbbsins.

RAFMAGNS GOLFKERRA

45.990 kr
(fullt verð 99.990)

2 FJARSTÝRINGAR FYLGJA

TOPP HRAÐI – 6 KM/H

MOTOR – 180 WX2

MESTI HALLI – 12°

BATTERÍ – 12V28AH X 1

HLEÐSLUTÍMI – 10-12 KLST

MESTA VEGALENGDÁ

FULLHLÖÐNU BATTERÍ – 28 KM

1 ÁRS ÁBYRGÐ

**50%
AFSLÁTTUR**



Golfsett fylgir ekki.
Fæst aðeins í Intersport Lindum.

INTERSPORT

LINDIR SÍMI 585 7260 Opíð mánud. - föstud. 11 - 19. Laugard. 11 - 18. Sunnud. 12 - 18



1.9 Kvinnanefnd

Engin breyting átti sér stað í kvinnanefndinni sumarið 2009. Nefndina skipa: Bergþóra Sigmundsdóttir, Erla Leifsdóttir, Signhild Borgþórsdóttir, Sesselja Magnea Matthíasdóttir og Vigdís Ársælsdóttir.

Starf kvinnanefndar sumarið 2009 var með hefðbundnum hætti. Konur voru með fasta golf tíma alla þriðjudaga frá 19. maí til 1. sept. og voru rástímar frá kl. 17.00 – 18.50 í Vetrarmýrinni. Gekk það vel og nýttust tímarnir nokkuð vel til loka ágústsmánaðar. Konurnar sáu um að skrá sig sjálfar. Ræsar GKG sáu um að ræsa út og þökkum við í nefndinni starfsfólki GKG fyrir veitta aðstoð við ræsingu, innritun og eftirlit með þriðjudagstímunum í sumar.

Tímabilið hófst með Rauðvínskvöldinu föstudaginn 15. maí 2009. Um 60 konur mættu og skemmtu sér fram eftir kvöldi. Fyrsta mótið var svo 2. júní og mættu 70 konur til leiks og spiluðu 9 holur í Vetrarmýrinni.

Vinkvennamót GKG- og GO kvenna var mjög vinsælt og tóku 109 konur þátt fyrri daginn og 118 konur mættu til leiks seinni daginn. Úrslit urðu þau að GO konur unnu mótið. Kvenkyllingar í báðum klúbbunum virðast mjög ánægðar með þetta mót.

Sólstöðumótið - Bleiki Toppbikarinn var haldið föstudagskvöldið 19. júní. Mótið var nú opið bæði konum og körlum og mættu 100 manns og spiluðu Texas Scramble næturgolf í góðu veðri. Vífilfell studdi mótið og voru vegleg verðlaun í boði. Í mótslok fengu þátttakendur súpu og brauð í skálanum. Tekjur af mótinu runnu til Krabbameinsfélagsins. Kvinnanefnd hafa borist óskir um að mótið verði aftur eingöngu fyrir konur og leikfyrirkomulagið verði punktamót.

Þriðjudaginn 11. ágúst var farið í óvissuferð. Var farið á Garðavöll, golfvöll GL á Akranesi. Leikið var í góðu veðri en 62

GKG konur mættu í ferðina. Konurnar skemmtu sér frábærlega og nutu ferðarinnar.

Hatta- og kjólamótið var svo 25. ágúst og voru spilaðar níu holur í Mýrinni. Mælist það vel fyrir að leika eingöngu 9 holur í þessum klæðnaði enda hafa konur í GKG mætt mjög flottar í þessi mót. 54 GKG konur mættu og nutu félagsskapparins og golfsins. Mikil og hörð keppni var um flottasta hattinn og best klæddu konuna.

Lokamót GKG kvenna var svo laugardaginn 12. september 2009. Veðrið var þökkalegt. Leiknar voru 18 holur og leikfyrirkomulagið var punktakeppni. 44 konur mættu til leiks. Í mótslok borðuðu um 50 GKG konur saman góðan kvöldmat. Þá voru veitt verðlaun fyrir flesta punkta (reiknað út frá fimm 9 holu hringjum) í mótum á vegum kvinnanefndarinnar sumarið 2009 og hlaut Kolbrún Jónsdóttir þau verðlaun. Lokahófið var opið öllum konum í GKG hvort sem þær tóku þátt í lokamótinu eða ekki. Hvetjum við konur til mæta til lokafagnaður GKG kvenna á næsta ári og fagna góðum árangri okkar í golfinu.

Ljóst er að mikil aukning hefur verið á þátttöku GKG kvenna í félagstarfinu þetta sumarið og fögnum við því í nefndinni að konur í GKG hafi verið áhugasamar um golfið í sumar.

Fjöldi fyrirtækja hefur stutt við bakið á kvinnanefndinni þetta sumar og þökkum við þeim öllum fyrir frábæran stuðning. Þá hefur klúbburinn og starfsfólk GKG verið okkur innan handar og þökkum við þeim kærlega fyrir aðstoðina.

Að lokum vill undirrituð þakka samnefndarkonum fyrir frábært sumar og velunnin störf.

Bergþóra Sigmundsdóttir

Jólagjöf golfarans fæst í Hraunkoti

ÆFINGASVÆÐI HRAUNKOTS ER
FLÓÐLÝST OG OPIÐ ALLT ÁRIÐ

Nýtt og betra aðgengi
Nú er keyrt frá bílplani við
golfskálann niður að Hraunkoti

SILFUR
GJAFABRÉF
582 æfingaboltar
ásamt 4x50 mínútna
golfkennslu hjá
golfkennara
Hraunkots



hraunkot.is

Silfurgjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir þá sem eru að læra undirstöðuatriði golfleiksins. Gjafabréfið inniheldur fjóra golftíma í 50 mín. hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn gullkorts.

Silfurgjafabréf kostar 23.000 kr.

GULL GJAFABRÉF
582 æfingaboltar
ásamt 5x25 mínútna
golfkennslu hjá
golfkennara
Hraunkots



hraunkot.is

Gullgjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir þá sem komnir eru af stað í golfi og vilja halda áfram á réttri braut. Gjafabréfið inniheldur fimm 25 mín. golftíma hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn gullkorts.

Gullgjafabréf kostar 18.000 kr.

DEMANTS
GJAFABRÉF
3309 æfingaboltar
ásamt 2x25 mínútna
golfkennslu hjá
golfkennara
Hraunkots



hraunkot.is

Demantsgjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir golfara sem vilja æfa sig og fá smá kennslu hjá golfkennara. Gjafabréfið inniheldur tvo 25 mín. golftíma hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn demantskorts.

Demantsgjafabréf kostar 21.000 kr.

PLATINU
GJAFABRÉF
1271 æfingabolti
ásamt 3x25 mínútna
golfkennslu hjá
golfkennara
Hraunkots



hraunkot.is

Platinugjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir þá sem vilja láta fínþússa sveifluna eða stutta spilið. Gjafabréfið inniheldur þrjú 25 mín. golftíma hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn platinukorts.

Platinugjafabréf kostar 15.000 kr.

Golfkennarar Hraunkots



Sigurpáll



Björgvín



Hörður



Magnús

Gjafabréfin fást í
Golfbúðinni Dalshrauni 13
og Hraunkoti (golfæfingasvæði Keilis)

Nánari upplýsingar í Hraunkoti í síma 565-3361

Golfkennarar Hraunkots eru IPGA meðlimir

Hraunkot
Golfæfingasvæði



1.10 Öldungastarfið 2009

Umsjónarmenn starfsins að hluta sumars voru Helga Elísdóttir og Einar Kristinsson. Þar sem fyrri stjórn gaf ekki kost á sér til áframhaldandi starfa. Miðvikudagsmótin hófust ekki fyrr en 23. júlí en þá var fyrsta mótið af fjórum sem haldin voru og þátttaka var í slakara lagi. Þetta voru punktamót og töldu þrjú af þeim, Skarphéðinn Sigursteinsson með 58 punkta, Haukur Bjarnason 55 og Einar Kristinsson 51.

Farin var ferð á Hamarsvöll þar sem aðrir vinavellir höfðu ekki tók á að taka við okkur á þessum tíma. Völlur frábær og veður eins best verður kosið. Lokamót okkar fór fram 18. september og var vel sótt punktakeppni og ræst út á öllum teigum samtímis og spilaðar 9 holur í Mýrinni. Eftir mótið var kvöldverður og verðlaunaafhending fyrir lokamótið og miðvikudagsmótin. Filip Höskuldsson varð í fyrsta sæti með 21 punkt, í öðru sæti Gísli Guðbjörnsson og í þriðja sæti Jóhannes Karlsson með 18 punkta. Í kvennaflokki var Hulda Jónsdóttir í fyrsta sæti, Rósa Margrét í öðru sæti með 18 punkta og Kolbrún Stefánsdóttir með 16 punkta. Þá voru veitt nándarverðlaun á þrjú brautum. Næstur holu á 2. holu Filip Höskuldsson, holu 4 Kolbrún Hrefna og á 9. holu Ingólfur Hansson.

Þá notuðu eldri kylfingar mikið þá aðstoðu sem þeir fengu í þróttamiðstöðinni í Kórnum.

Einar Kristinsson

1.11 Nýliðanefnd

Nýliðanefndina skipa undirritaður og Derrick Moore. Nýjum félögum sem eru að stíga fyrstu skrefin í golfinu og hafa ekki fengið forgjöf, er skylt að sækja nýliðanámskeið. Nýir félagar sem koma úr öðrum klúbbum og hafa fengið forgjöf eða verið nýliðanámskeiði á vegum golfklúbbs, þurfa ekki að taka námskeiðið. Alls komu 285 nýir félagar í klúbbinn í ár, en meirihluti þeirra voru með forgjöf eða reynslu. Námskeiðin voru haldin í maí og júní og sóttu um 65 einstaklingar námskeiðin, sem er öllu fleira heldur en síðastliðin tvö ár, sem er mjög jákvætt. Þjálfarar klúbbsins, undirritaður og Derrick Moore sáu um verklega hluta námskeiðanna, en Kjartan Bjarnason, yfirdómari GKG, sá um þann hluta sem snýr að reglum golfsins. Nefndin þakkar honum fyrir vel unnin störf. Afrekskylfingar klúbbsins, Sigmundur Einar Músson og Valgeir Tómasson aðstoðuð einnig við námskeiðin.

Skipulag nýliðanámskeiða

1. Stutta spilið og sveiflan. 1,5 klst.

Kynning á dagskrá námskeiðs. Golf með skynsemi afhent. Grunnatriði þúttu, vippa (vipp og rúll og há vipp) voru kennd Áhersla lögð á grip, stöðu, mið, grunnhreyfingar og lestur flata, auk kylfuvals.

Grunnatriði golfsveiflunnar kynnt á æfingasvæði, s.s. grip, staða, helstu hreyfingar. Kynning á búnaði. Sýnikennsla. Umræður og spurningum svarað.

2. Spilatími. 1,5 klst.

Farið var yfir helstu þætti er varða golfleikinn, s.s. helstu siðareglur, forgjöf, skorkortið osfrv. í golfskálanum áður en farið var út á völl. Einnig var golfverslunin heimsókn og farið yfir helstu þætti varðandi skráningu á golf.is.

Kennarar léku 2 brautir í Mýrinni og fóru í gegnum helstu þætti er varða golfleikinn, s.s. siðareglur, umgengni, leikröð, kylfuval,

glompuhögg, leikskipulag og margt fleira. Umræður og spurningum svarað.

3. Bóklegt reglunámskeið. 2 klst.

Á reglunámskeiðum er farið yfir helstu reglur og siðareglur. Gefin eru góð dæmi um þær aðstæður sem kylfingar lenda oft í á golfvöllum. Því er markmiðið að hafa slík reglunámskeið eins lifandi og hagnýt og kostur er. Reglunámskeiðin eru einnig opin venjulegum félagsmönnum sem ættu hiklaust að nýta tækifærið og skerpa á reglukunnáttunni.

Yfirmarkmið nýliðanámskeiðanna er að taka vel á móti nýjum félögum, kynna þá fyrir helstu starfsmönnum klúbbsins og veita þeim grunnkennslu hvað varðar tækni og leikinn sjálfan.

Í GKG er góður félagsandi og í raun er félagsleg skylda eldri klúbbmeðlima að bjóða nýja félagi velkomna og aðstoða þá eftir atvikum. Þó svo að GKG sé næst stærsti klúbburinn á landinu þá megum við ekki glata þeim eiginleika, sem er kannski meira áberandi hjá litlum klúbbum á landsbyggðinni, að hjálpanýjum félögum að kynnast því sem snýr að félagsstarfsseminni.

Mýrin er ákjósanlegur völlum fyrir kylfinga að öðlast reynslu. Mýrin er þó ekki auðveldur golfvöllur eins og við þekkjum, því er mikilvægt að reyndari kylfingar sýni skilning og þolinmæði á því að í Mýrinni kunni að vera reynslulitlir kylfingar að leika.

Nýjum meðlimum sem og eldri þakka ég góð kynni á árinu.

Með bestu kveðju,
Úlfar Jónsson, íþróttastjóri GKG.

1.12 Kynningarnefnd

Meginverkefni kynningarnefndar er að ritstýra og sjá um þau mál er lúta að kynningu á starfsemi klúbbsins og miðla upplýsingum til félagsmanna og annarra. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að koma fréttum af úrslitum móta og afrekum einstakra kylfinga á framfæri. Tveimur heimasíðum er haldið opnum á vegum klúbbsins, gkg.is og sleggjan.is, sem unglínganefnd hefur séð um. Á árinu var umsjónakerfi heimasíðu klúbbsins endurnýjað og var útliti síðunnar breytt við það tækifæri. Eins og félagar tóku kannski eftir þá fylgdu þessari breytingu smávægileg vandamál sem við vonumst til að séu úr sögunni.

Leitast hefur verið við að uppfæra þessar síður reglulega og eiga starfsmenn hrós skilið fyrir sitt framlag í þeim efnum, sérstaklega hvað varðar GKG síðuna. Það er mjög mikilvægt fyrir klúbbinn að hafa yfir að ráða svo öflugum miðlum, enda voru þessar heimasíður mikið heimsóttar af kylfingum. Ekki var ráðist í útgáfu á fréttabréfi á þessu ári sökum niðurskurðar í rekstri. Póstlisti klúbbsins var nokkuð vel nýttur á árinu og leitast við að koma skilaboðum og fréttum til félagsmann með þeim hætti. Félagsfundur var haldinn 28. apríl og var hann vel sóttur. Þar sem farið var yfir ástand beggja vallanna, starfið í sumar og framtíðarhorfur, bæði við endurbætur á leiksvæði, æfingaaðstöðu o.fl.

Í nefndinni sátu:

Ari Bergmann Einarsson (formaður)

Sigurður Hlöðversson

Ólafur E. Ólafsson

TENGI

Ifö

Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er Tengir

Fjölbreytt úrval blöndunartækja

mora UNIVERSITY

Fagmennska í fyrirrúmi
Opíð virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15
www.tengi.is • tengi@tengi.is
Smíðjuvegi 76 • Kópavogi • Baldursnesi 6 • Akureyri



2. KAFLI - ÍÞRÓTTASVIÐ

2.1 Afreksnefnd

Afreksnefnd GKG árið 20009 skipuðu:
Gunnar Páll Þórisson formaður,
Áslaug Sigurðardóttir
Ólafur Sigurðsson
og Valgeir Tómasson

Team GKG

Birgir L. Hafþórsson
Sigmundur E. Másson
Guðjón Henning Hilmarsson
Alfreð Brynjar Kristinsson
Ingunn Gunnarsdóttir
Guðjón Ingi Kristjánsson

Í Team GKG eru þeir afrekskyllingar sem sýna framúrskarandi árangur og eru í fararbroddi fyrir klúbbinn í atvinnumennsku og landsliðum.

Afrekshópur karla

Björgvin Smári Kristjánsson
Brynjólfur E. Sigmarsson
Gestur Gunnarsson
Guðbjartur Örn Gunnarsson
Haukur M. Ólafsson
Hlynur Þ. Stefánsson

Jón Guðmundsson
Kjartan Dór Kjartansson
Sigurður R. Ólafsson
Starkaður Sigurðarson
Valgeir Tómasson

Auk þess léku efnilegir piltar úr unglingsveit klúbbsins á Kaupþingsmótaröð karla.

Afrekshópur kvenna

Erna Valdís Ívarsdóttir
Hansína Þorkeldsdóttir
Hrafnhildur Gunnarsdóttir
Ingunn Einarsdóttir
Jóhanna Margrét Grétarsdóttir
María Málfríður Guðnadóttir
Ragnheiður Sigurðardóttir

Þjálfarar voru þeir Derrick Moore, Úlfar Jónsson og Haraldur Þórðarson.

Æfingar

Inniæfingar hófust á haustmánuðum 2008 í íþróttahúsinu Kórnum og Hraunkoti. Í byrjun maí hófust síðan æfingar utanhúss og æft var þar til keppnistímabilinu lauk í lok september.



ostur.is

Camembert og Dímon

– ómissandi
í veisluna!

PICTA HÖRÐ / SIA



2.2 Úrslit í Meistaramotoi GKG 2009

Meistaraflokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Alfreð Brynjar Kristinsson	71	76	73	69	289
Sigmundur Einar Másson	72	74	74	73	293
Starkaður Sigurðarson	71	78	72	74	295
1. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Davíð Örn Kjartansson	81	81	79	79	320
Aðalsteinn Aðalsteinsson	80	81	79	86	326
Gunnar Árnason	81	83	80	83	327
2. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ásgeir Örn Sigurpálsson	83	85	86	81	335
Helgi Már Valdimarsson	80	83	86	87	336
Vignir Þ Höðversson	86	81	87	82	336
3. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Þórhallur Sverrisson	94	86	81	90	351
Þorkell R Sigurgeirsson	90	93	90	87	360
Arnar Sæbergsson	86	96	94	87	363
4. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Guðmundur Alfreð Ólafsson	99	91	89		279
Steinn Einir Sveinsson	90	97	96		283
Friðbergur Jón Þorsteinsson	101	102	95		298
5. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Kristján Einarsson	95	98	99		292
Árni Böðvarsson	100	96	100		296
Einar Valur Þorvarðarson	97	100	103		300
Meistaraflokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ingunn Gunnarsdóttir	84	78	76	81	319
Ingunn Einarsdóttir	86	89	78	88	341
Erna Valdís Ívarsdóttir	84	88	89	82	343
1. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Jónína Pálsdóttir	93	92	85	97	367
Lovísa Kristín Sigurjónsdóttir	94	105	86	92	377
Linda Arilús dóttir	91	102	93	94	380
2. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ólöf Ásgeirsdóttir	98	97	95	95	385
Áslaug Sigurðardóttir	97	95	104	96	392
Sigríður Olgeirsdóttir	103	95	94	108	400
3. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Valgerður Ólafsdóttir	116	108	118		342
Auður Eyvinds	109	113	121		343
Jóhanna Ásgerður Einarsdóttir	119	114	118		351
Piltar 17 - 18 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Yngvi Sigurjónsson	73	86	80		239
Jón Sævar Brynjólfsson	78	86	79		243
Rúnar Örn Grétarsson	85	77	81		243
Drengir 14 - 16 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ragnar Már Garðarsson	76	82	74		232
Emil Þór Ragnarsson	75	82	78		235
Daníel Jónsson	93	82	81		256
Strákar 13 ár og yngri	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Egill Ragnar Gunnarsson	84	76	80		240
Hinrik Þráinn Örnólfsson	95	85	88		268
Tómas Orri Almarsson	95	94	96		285
Stúlkur 17-18 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Jóna Þórarinsdóttir	83	87	85		255
Ninna Þórarinsdóttir	89	88	86		263
Hrafnhildur Gunnarsdóttir	86	90	87		263
Telpur 14-16 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Særós Eva Óskarsdóttir	91	94	86		271
Andrea Jónsdóttir	120	109	128		357
Stelpur 13 ára og yngri	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Gunnhildur Kristjánsdóttir	104	102	114		320
Kristín Ágústs dóttir	153	148	152		453
Öldungar Karlar 0 - 20,9	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Einar Breiðfjörð Tómasson	86	91	83		260
Kjartan Guðjónsson	90	82	88		260
Jón Erlendsson	90	89	90		269
Öldungar Karlar 21 - 36	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Gunnar Valdimar Johnsen	101	102	92		295
Randver Ármannsson	104	112	102		318
Sigurður Guðni Gunnarsson	107	111	109		327
Öldungar Konur 0 - 24,9	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Kolbrún Stefánsdóttir	102	93	94		289
Birna B Aspar	102	103	101		306
Rósa Margrét Sigursteinsdóttir	101	107	100		308
Öldungar Konur 25-40	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ingigerður Eggertsdóttir	113	121	114		348
Sigríður Magnúsdóttir	126	122	121		369
Sigrún Ingileif Hjaltalín	125	129	129		383
Öldungar Karlar 70 ára +	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Haukur V Bjarnason	81	90	92		263
Guðmundur Ólafsson	82	92	90		264
Gunnlaugur Sigurðsson	92	89	87		268

Keppnistímabilið

Keppnistímabilið hófst 30.maí með fyrsta mótinu á Kaupþingsmótaröð GSÍ á Hólmsvelli hjá Golfklúbb Suðurnesja. Þar stóð Alfreð Brynjar Kristinsson sig best í karlaflokki og náði 5. sæti. Ingunn Gunnarsdóttir varð efst GKG kvenna, einnig í 5. sæti. Annað mót ársins fór fram á Garðavelli á Akranesi. Þar sigraði Sigmundur Einar Másson með glæsibrag. Í kvennaflokki varð Ingunn Gunnarsdóttir í 7. sæti. Í þriðja mótinu sem fram fór á Urriðavelli Golfklúbbsins Odds spilaði Alfreð Brynjar best GKG manna. Hann endaði í 5-6 sæti.

Meistaramót GKG var haldið í byrjun júlí. Þar urðu Alfreð Brynjar Kristinsson og Ingunn Gunnarsdóttir klúbbsmeistarar karla og kvenna.

Íslandsmótið í högggleik var að þessu sinni haldið á Grafarholtsvelli. Níu keppendur frá GKG í karlaflokki náðu niðurskurðinum. Þrír GKG menn voru þar í toppbaráttunni og endaði Sigmundur Einar í 5.sæti, Úlfar Jónsson í 10-12 sæti og Alfreð Brynjar í 13-14 sæti.

Íslandsmót eldri kylfinga var í ár haldið í Vestmannaeyjum. Þar varð María Málfríður Guðnadóttir Íslandsmeistari í kvennaflokki 50+. Frábær árangur hjá Maríu.

Fimmta mótið á mótaröð GSÍ var haldið um miðjan ágúst á Vífilstaðavelli, heimavelli GKG og var það í fyrsta sinn sem GKG heldur slíkt mót. Mótið tókst mjög vel í alla staði þrátt fyrir slæmt veður. Þar rétt missti Alfreð Brynjar af sigri og endaði annar. Ingunn Gunnarsdóttir varð í 6.sæti í kvennaflokki.

Lokamót mótaröðarinnar, sem jafnframt var Íslandsmót í holukeppni var haldið á Kiðjabergi. Ingunn Gunnarsdóttir var þar í toppbaráttunni í kvennaflokki og endaði þriðja sæti. Eini GKG maðurinn sem lét að sér kveða í karlaflokki var Alfreð Brynjar sem komst í undanúrslit. Hann tapaði í leik um 3.sætið og endaði því í 4.sæti.

Eftir jafna og góða spilamennsku á öllum stigamótum stóð Alfreð Brynjar að lokum uppi sem stigameistari. Hann var krýndur sigurvegari á lokahófi GSÍ og er það sérstaklega ánægjulegt fyrir GKG. Sigmundur Einar stóð sig einnig mjög vel og endaði í 9.sæti, þrátt fyrir að hafa einungis tekið þátt í 3 mótum. Þar af sigraði hann í einu þeirra. Starkaður Sigurðarsson og Guðjón Henning Hilmarsson komu þar næstir í 27.- og 28.sæti. Hjá konunum var Ingunn Gunnarsdóttir efst GKG-kvenna. Hún endaði í 6.sæti. Ingunn Einarsdóttir kom næst í 11.sæti og Hansína Þorkelsdóttir í 15.sæti stigalistans.

Sveitakeppni GSÍ í karlaflokki var að þessu sinni haldin á Akureyri. Frammistaða GKG var í einu orði sagt, frábær. Sveitin sigraði í öllum viðureignum sínum og stóð að lokum uppi sem Íslandsmeistari. Sveitakeppni GSÍ í kvennaflokki var í ár haldin á Akranesi. Sveit GKG stóð sig með þryði og endaði í 5.sæti.

Eftirtaldir kylfingar skipuðu sveitirnar:

Karlar: Birgir Leifur Hafþórsson, Sigmundur Einar Másson, Alfreð Brynjar Kristinsson, Úlfar Jónsson, Guðjón Henning Hilmarsson, Kjartan Dór Kjartansson, Sigursteinn Ingvar Rúnarsson og Starkaður Sigurðarson.

Konur: Ingunn Gunnarsdóttir, María Málfríður Guðnadóttir,



Sveit GKG, Íslandsmeistarar í sveitakeppninni 2009.

Ingunn Einarsdóttir, Ninna Þórarinsdóttir, Hrafnhildur Gunnarsdóttir og Hansína Þorkelsdóttir.

Í sveitakeppni öldunga sem fram fór á Flúðum, náði kvennasveit GKG besta árangri sínum til þessa þegar sveitin endaði í þriðja sæti.

Íslandsmeistaratitill GKG í sveitakeppni gaf klúbbnum rétt til þátttöku í Evrópumeistaramóti félagsliða, sem fram fór í Istanbul í Tyrklandi, 22. – 24. október s.l. Sveit GKG stóð sig mjög vel og var Íslandi til sóma. Sveitin hafnaði í 10.sæti af 24 klúbbum, samtals á einu höggi undir pari. Sigmundur Einar lék frábært golf, samtals á sjö höggum undir pari á þremur hringjum. Hann lenti í 8.sæti af alls 72 kylfingum úr bestu liðum Evrópu.

Lokaorð

Afrekshópur GKG er að stækka og eflast. Unglingastarf GKG hefur verið mjög öflugt og nú ganga efnilegir kylfingar úr unglíngastarfinu upp í afrekshópinn á hverju ári. Á örfáum árum hefur fjöldi afrekskylfinga hjá GKG þrefaldast, úr 10 í yfir 30 manns. Þessi aukning er jákvæð og skemmtileg en að sama skapi krefjandi.

Afreksstarf GKG byggir á traustum grunni. Klúbburinn hefur frábært þjálfarateymi sem byggir upp ört vaxandi hóp afrekskylfinga. Æfingaaðstaðan hefur batnað mikið með tilkomu Kórsins og vonandi batnar útiaðstaðan á komandi árum. Sérstaklega ánægjulegt er einnig fyrir GKG að eiga kylfinga í fremstu röð sem keppa fyrir okkar hönd. Við vonum að Birgir Leifur nái sér að fullu af bakmeiðslum sem hafa verið að hrjá hann s.l. ár og að á komandi árum nái hann að festa sig í sessi á meðal þeirra bestu á Evróputúrnum.

GKG væntir mikils af yngri kynslóð afrekskylfinga. Með stærri keppnishópi og fleiri verkefnum eykst samkeppnin. Vonandi skilar það sér í betri árangri og fleiri afrekskylfingum hjá GKG í fararbroddi á Íslandi.

Að lokum vil ég þakka nefndarmönnum og þjálfurum fyrir samstarfið.

Með kveðju,

Gunnar Páll Þórisson
Formaður afreksnefndar

2.3 Mótanefnd

Mótanefnd samanstendur af eftirfarandi sjö einstaklingum sem allir tóku þátt í starfinu að einhverju leiti. Heimir Jón Guðjónsson, Sigurjón Sigurjónsson, Jónína Pálsdóttir, Gunnar Árnason, Björn Steinar Stefánsson, Kristján Ármannsson og Sigurður H. Hlökkversson

Starf mótanefndar er umtalsvert og tímafrekt og starfsárið 2009 var þar engin undantekning og nauðsynlegt að stækka mótanefndina mikið til að minnka álagið á nefndarmenn.

Fjöldi móta var svipaður og árið á undan og er meistaramótið stærsta verkefni mótanefndar ár hvert og tókst það með miklum ágætum eins og venjulega. Alls tóku 298 félagar þátt í mótinu (62 konur og 236 karlar) og er það verkefni næsta árs að fá fleiri konur til að taka þátt í mótinu. Annars var skipting móta þessi: Opin mót 10, Innanfélagsmót 8, Fyrirtækjamót 6, GSÍ mót 2, SVALA mótarið barna 4, Unglingamótarið 5 og Miðvikudagsmótarið 6.

Gott samstarf var við starfsmenn klúbbsins, sérstaklega starfsmenn vallargæslu sem aðstoðuð við ræsingu í flestum mótum ásamt mótanefnd og að sjálfsögðu starfsmenn verzlunar og framkvæmdastjóra. Mikill fengur er í því að hafa starfsmenn við vallargæslu og eftirlit þó svo að gæslan hafi verið minni en á síðasta ári. Einnig var gott samstarf við dómara klúbbsins undir forustu Kjartans Bjarnasonar.

Ágætis samstarf var við starfsmenn GSÍ vegna þeirra móta sem klúbburinn hélt í samstarfi við sambandið.

Mótaskrá GKG 2009

16.05.09	Opnunarmót Leirdals	Almennt
30.05.09	ATLANTSOLÍA Opið	Almennt
01.06.09	Opna Man. Utd. mótið	Almennt
02.06.09	Kvennamót	Kvennamót
06.06.09	GSÍ mótarið unglunga (2)	Unglingamót
09.06.09	GKG / GO Kvennamót	Kvennamót
10.06.09	Miðvikudagsmótarið GKG (1)	Almennt
12.06.09	Golfmót Tryggingarfélaganna	Almennt
13.06.09	Blátt áfram. Góðgerðarmót Kiwanskíklúbbsins Eldeyjar	Almennt
18.06.09	Unglingamótarið GKG (1)	Unglingamót
19.06.09	Sólstöðumót Bleiki Toppbikarinn	Almennt
20.06.09	Rás2 Open	Almennt
26.06.09	TM Boðsmót	Almennt
26.06.09	TENGI Boðsmót	Almennt
27.06.09	Jónsmessumót 2009	Almennt
30.06.09	SVALA mótarið GKG 12 ára og yngri (1)	Unglingamót
01.07.09	Miðvikudagsmótarið GKG (2)	Almennt
02.07.09	Unglingamótarið GKG (2)	Unglingamót
04.07.09	Niðjamót GKG	Almennt
05.07.09	Meistaramót GKG 2009	Almennt
14.07.09	SVALA mótarið GKG 12 ára og yngri (2)	Unglingamót
15.07.09	Miðvikudagsmótarið GKG (3)	Almennt
23.07.09	Unglingamótarið GKG (3)	Unglingamót
25.07.09	Bylgjan Open	Almennt
28.07.09	SVALA mótarið GKG 12 ára og yngri (3)	Unglingamót
29.07.09	Miðvikudagsmótarið GKG (4)	Almennt



Minningarmót um Jón Ólafsson

Þann 30. júlí fór fram minningarmót um Jón Ólafsson og tókst með miklum ágætum. Mót þetta var til styrktar afreksstarfi klúbbsins en Jón var stjórnarmaður í GKG til margra ára og formaður Afreksnefndar klúbbsins um langt skeið. Hugmyndin er að gera þetta mót að árlegum viðburði.

30.07.09	Minningarmót um Jón Ólafsson	Almennt
03.08.09	Carlsberg Open	Almennt
06.08.09	Unglingamótarið GKG (4)	Unglingamót
11.08.09	SVALA mótarið GKG 12 ára og yngri (4)	Unglingamót
12.08.09	Miðvikudagsmótarið GKG (5)	Almennt
14.08.09	RÚV Boðsmót	Almennt
15.08.09	Kreditkort Open	Almennt
20.08.09	Unglingamótarið GKG (5)	Unglingamót
21.08.09	PGA Pro/Am mót	Almennt
22.08.09	GSÍ mótarið (5)	Almennt
25.08.09	Hatta og kjólamót GKG	Kvennamót
26.08.09	Miðvikudagsmótarið GKG (6)	Almennt
26.08.09	Atlantsolía - Boðsmót	Almennt
27.08.09	Golfmót Samfylkingarinnar	Almennt
28.08.09	Pósturinn	Almennt
03.09.09	Deloitte	Almennt
04.09.09	Golfmót Stjórnunnar	Almennt
05.09.09	Styrktarmót fyrir sveitir GKG	Almennt
12.09.09	Lokamót kvenna	Kvennamót
18.09.09	Lokamót Öldunga GKG	Eldri-kylfingamót
26.09.09	Bændaglíma GKG	Almennt

Full búð af jólagjöfum

Opið alla daga til jóla



Nike Vindjakki
Verð: 15.900



Callaway Wingtip Skór
Verð: 17.900



Top Flite Cart Poki
Verð: 17.900



Nike Lúffur
Verð: 5.900



Abacus Regnjakki
Verð: 32.500



Pólóbolir í úrvali
Verð frá: 3.990



Odyssey Púttarar
Verð frá: 19.900



Callaway Diablo Driver
Verð: 39.900



Abacus Rúllukraga bolir
Verð frá: 7.990

Golfbúðin

DALSHRAUNI 13 | HAFNARFIRÐI

Sími: 565 1402 | golfbudin@golfbudin.is



2.4 Ársskýrsla íþróttastjóra

Segja má að nýliðið golf tímabil sé sönnun þess hversu sterk golfíþróttin er orðin hér á landi, því þrátt fyrir mikið óvissuástand efnahagsmála þá stunduðu kylfingar sína íþrótt sem aldrei fyrr. Félagafjöldinn hélst óbreyttur þegar hrakspár sáu fyrir mikla minnkun, og völlumurinn var gríðarlega vel nýttur. Þetta var mjög ánægjulegt að sjá þegar horft er til baka.

Metþátttaka var á sumaræfingum klúbbsins, en alls tóku um 170 börn og unglingar þátt. Þjálfarar GKKG, þ.e. undirritaður, Derrick Moore og Haraldur Þórðarson (allir PGA menntaðir), auk fimm leiðbeinenda úr röðum afrekskylfinga GKKG, sáu um kennsluna á sumarnámskeiðunum. Tæplega 400 börn tóku þátt í barnanámskeiðum GKKG og sáu afrekskylfingar GKKG, alls 12, um kennsluna á þessum námskeiðum. Í heild sinni gengu æfingarnar og námskeiðin mjög vel og vil ég þakka öllum þeim sem komu að þeim fyrir gott samstarf á liðnu tímabili.

GKKG hefur, sem betur fer, töluvert svæði til umráða fyrir æfingar, handan Vetrarbrautar og eins meðfram Vífilsstaðavegi, enda er fjöldinn á æfingum og námskeiðum mjög mikill á ákveðnum tímamökum. Æfingaflötin við skálann náði ekki þeim gæðum sem vonast var eftir í sumar og var því þúttflötin í Garðabæ nokkuð mikið notuð í staðinn, sérstaklega fyrir afrekshópana. Sem fyrr vantar okkur betri aðstöðu til að æfa þútt og vipp og vonandi verður bragabót á því fljótlega. Ekki ætti að vera mikill tilkostnaður við að betrubæta þær flatir sem voru slegnar við Vífilsstaðaveg, þannig að hægt verði að nota þær meira í stutt vipp og innáhögg.

Afrekskylfingar GKKG stóðu sig oft á tíðum með mikilli þrygð og stendur einna hæst sigur karlasveitarinnar í Sveitakeppni GSÍ sem fram fór á Akureyri. Góð samheldni var í hópnum og var sigurinn verðskuldaður. Ánægjulegt var að fá stuðning þar nyrðra frá formanni og frú, auk nokkurra afrekskylfinga sem lögðu leið sína norður liðinu til stuðnings. Þetta er eitt dæmi um hversu góð samheldnin er í hópnum. Með sigrinum vann GKKG sér inn þátttökurétt til keppni í Evrópumóti klúbblíða í Tyrklandi. Þrír kylfingar leika í hverri sveit í þeirri keppni og fóru þeir Sigmundur Einar Másson, Alfreð Kristinsson og Guðjón Henning Hilmarsson fyrir hönd GKKG. Strákarnir stóðu sig mjög vel og höfnuðu í 10. sæti af 24 þjóðum á einu höggi undir pari samtals. Sigmundur lék best og var á 70-72-70 (-7) og hafnaði í 8. sæti í einstaklingskeppninni. Guðjón lék á 79-78-72 (+10) og Alfreð lék á 82-74-74 (+11).

Í mótaröð GSÍ varð Alfreð stigameistari, sem er frábær árangur og sýnir mikinn stöðugleika hans yfir heilt tímabil. Hans besti árangur í móti var 2. sæti í stigamóti, en einnig varð hann í 10. sæti á Opna finnska áhugamannameistaramótinu. Sigmundur Einar sigraði á stigamóti í sumar, hans fyrsti sigur síðan hann varð Íslandsmeistari í högggleik 2006. Simmi lék einnig með íslenska karlalandsliðinu á Evrópumóti landsliða í Wales. Hjá konunum náði Ingunn Gunnarsdóttir besta árangrinum, en hún varð t.a.m. í 3. sæti í Íslandsmótinu í holukeppni, sem er frábær árangur. Þó Ingunn hafi ekki náð að sigra á móti líkt og í fyrra þá var tímabilið í heild betra, sem sést á lækkun forgjafar og jafnari árangurs í mótum sumarsins, en Ingunn er farin að banka fast á landsliðssæti.

Í unglingsflokkunum lék Ragnar Már Garðarsson einstaklega vel allt sumarið og raðaði inn titlunum. Hann varð

Íslandsmeistari í holukeppni í flokki 13-14 ára, hann sigraði einnig á stigamóti á Hellu, og varð í 2. sæti í Íslandsmótinu í högggleik. Hann tryggði sér einnig stigameistaratilinn í sínum flokki. Hér er á ferðinni einn af helstu framtíðarkylfingum GKKG! Þátttaka GKKG kylfinga í mótaröð GSÍ var yfirleitt mjög góð og hafa okkar kylfingar getið sér gott orð fyrir þrúðmannlega framkomu. Vonumst við eftir meiri þátttöku stúlkna í mótunum, en góðar horfur eru til framtíðar þar sem aldrei hafa fleiri stúlkur stundað æfingar síðastliðið sumar.

Öldungasveit karla hafnaði í 7. sæti í Sveitakeppni Öldunga en öldungasveit kvenna náði sínum besta árangri í Sveitakeppni GSÍ þegar hún hafnaði í 3. sæti. María Guðnadóttir varð Íslandsmeistari kvenna 50 ára og eldri í sumar. Svo sannarlega frábær árangur!

Svalamótaröð 12 ára og yngri fór fram í þriðja sinn, en um er að ræða fjögur mót sem leikin eru yfir sumarið. Eitt af markmiðum íþróttastefnunnar er að gefa krökkunum tækifæri á að stíga fyrstu skrefin í keppni, og er Svalamótaröðin kjörin grundvöllur til þess. Einnig var sérstakur keppnishópur yngri kylfinga þjálfaður í sumar, með það að markmiði að undirbúa fleiri fyrir þátttöku í mótaröð GSÍ, en við viljum gjarnan að GKKG eigi breiðan hóp í mótum GSÍ.

Vetraræfingar fóru fram í nýrri aðstöðu sem GKKG hefur til umráða í knattspyrnuhöllinni Kórnum. Þar hefur klúbburinn um 400 fermetra til umráða, með 8 mottum til að slá af, og góða þúttflöt. Rétt er að þakka Kópavogsbæ fyrir þeirra framlag, en fyrir klúbbinn að ráða yfir eigin aðstöðu er gríðarleg bót, ekki einungis fyrir barna- og unglingsstarfið, heldur einnig fyrir almenna félagi.

Ánægjulegt var að sjá hversu miklar framfarir hafa orðið á umhirðu vallarins og var hann í heild mjög snyrtilegur og fallegur. Flatirnar eru með þeim hröðustu á landinu, sem gerir hann enn meira krefjandi og skemmtilegri. Sjálfur heyri ég ávallt fleiri og fleiri ánægjuraddir frá kylfingum utan GKKG sem heimsækja okkur þannig að óhætt er að segja að Guðmundur vallarstjóri og hans teymi vinna gott verk. Að mínu mati er helst úrbæta þörf á enduruppbyggingu 4., 9, 10 og jafnvel 11. flatar, auk 5. og 6. brauta. En líkt og með golfsveifluna, þá er stöðugt hægt að þróa og bæta golfvöllinn, því verki lýkur í raun aldrei.

Vetrarstarfið er þegar hafið með barna-, unglings- og afrekshópum sem stunda æfingar í Kórnum. Sem fyrr þá gefst þessum hópum kostur á að æfa 11 mánuði á ári undir handleiðslu þjálfara. Það er eitthvað sem fáir aðrir golfklúbbar eða íþróttagreinar geta státað af.

Ég vil þakka þeim starfsmönnum og nefndarmönnum sem ég hef unnið með á árinu fyrir mjög ánægjulegt samstarf. Einnig vil ég þakka klúbbmeðlimum og foreldrum fyrir ánægjuleg kynni og samstarf á árinu. Að lokum vil ég hvetja félagi GKKG til að vera duglegir við að æfa golfsveifluna og stutta spilið í vetur, og nýta til þess aðstöðuna sem er í boði í Kórnum.

Með bestu kveðjum,
Úlfar Jónsson, íþróttastjóri GKKG



2.5 Ársskýrsla afreksþjálfara

Innanhúsaefingar-veitarstarf

Í Kórnum er góð aðstaða. Stutta spilið var æft með nánast öllum mögulegum höggum sem upp koma í golfleik. Æfingar í keppnisformi var þema vetrarins og „próf“ með útkomu.

Við notuðum líka Pro V1 video kennslubúnaðinn. Það hjálpaði við að greina golf sveifluna og tæknilegar breytingar.

Hraunkot var einnig vettvangur í sérstökum æfingum afrekshópa í veitarstarfi GKG einu sinni í viku til að fylgjast með boltaflugi hjá leikmönnum.

GSÍ mótariðin

Í Íslandsmóttinu var frábær umgjörð sem seint verður toppuð og mikil spenna var í karlaflokknum á síðustu holu.

Stigameistari var Alfreð Brynjar Kristinsson GKG. Jöfn spilamennska Alfreðs allt sumarið skilaði honum stigameistararitlinum í lok sumars.

Ingunn Gunnarsdóttir sýndi góðan árangur. Hún náði þriðja sætinu í Íslandsmótt holukeppni og endaði í sjötta sæti á stigalistanum.

María Guðnadóttir náði fráærum árangri hún varð íslandsmeistari öldunga kvenna.

María keppti fyrir Íslandshönd í European senior ladies Team Championships.

Sveitakeppni karla í golfklúbba Akureyrar Frábær árangur. GKG karla unnu fyrsta sætið.

Þátttaka í mótum erlendis

European Club Team Championship Istanbul Turkey Frábær árangur náðist á þessu móti og endaði liðið í tíunda sæti af tuttugu og fjórum þjóðum. Þrjú keppendur spiluðu höggleik og tvö skor hvorn daginn. Sigmundur Einar Másson náði áttunda sæti í einstaklings keppni.

European Mens Team Champonships Conwy Golf Club Wales Sigmundur keppti einnig fyrir Íslandshönd í European Mens Team Championship. Íslenska liðið náði

þriðja besta árangri sem náðst hefur hingað til á þessu móti endaði liðið í 12 sæti af 20 þjóðum.

Finnish Amateur Open Helsinki Golf Club Frábær árangur hjá Alfreð Brynjari Kristinssyni GKG. Hann endaði í tíunda sæti á pari vallarins.

Lokaorð

Á seinasta tímabili náðist oft frábær árangur. Á þessum árangri þarf að byggja og markmiðið fyrir 2010 er að við fáum fleiri leikmenn sem keppa um efstu sætin á mótarið GSÍ. Ég tel að með smávægilegum lagfæringum á stutta spils æfingasvæðum, s.s. pútt, vipp og pitch svæðum þá getum við náð markmiðum okkar á næsta tímabili.

Bestu kveðjur,
Derrick John Moore Afreksþjálfari GKG.
Áfram GKG!

2.6 Ársyfirlit Unglinganefndar

Unglinganefnd skipuðu Gunnar Jónsson, formaður, Jón Hörðdal Jónasson og Ragnheiður Sigurðardóttir.

Sem fyrr var markmiðið að veita börnum og unglungum í GKG tækifæri til þjálfunar sem stenst samjöfnuð við það sem best gerist með öðrum klúbbum. Að því er þjálfara varðar þorum við að fullyrða að við stöndum öðrum frammar, með þrjú menntaða golfkennara. Við eigum hins vegar langt í land með aðstöðu og þurfa allir að leggjast á eitt um að mjaka því máli fram.

Ílla horfði með æfingar í byrjun hausts. Sporthúsið, sem notað hafði verið til inniæfinga, tilkynnti um helmingshækkun leigu. Sem betur fer gekk Kópavogsbær þá myndarlega í málið og innréttaði fyrir okkur aðstöðu í Kórnum, sem hefur gjörbreytt stöðu okkar. Þó leit illa út með það þegar kreppan skall á landinu af fullum þunga og til stóð að slá málið af. Fundur fulltrúa unglínganefndar með bæjarstjóranum þáverandi varð hins vegar til þess að gengið var í að klára málið. Fyrir það kann unglínganefndin og skjólstæðingar hennar, krakkarnir í GKG, bæjarstjóranum og Kópavogsbæ hinar bestu þakkir.

Börnum og unglingum sem æfa hjá GKG fjölgaði enn á liðnu ári. Um 100 krakkar tóku þátt í inniæfingum veturinn 2008-2009 og 170 um sumarið. Skráningar til vetraræfinga 2009-2010 virðast sýna að við höldum þessari stöðu okkar. Þá erum við stolt af því að fleiri unglingar og börn, 15 ára og yngri, eru skráð í GKG en nokkurn annan golfklúbb. Á það jafnvel við þótt borið sé saman við GR, sem er með helmingi fleiri félaga en GKG. Þetta sýnir hins vegar gleggst að GKG er raunverulegt íþróttafélag, sem leggur upp úr íþróttastarfi, en ekki bara „hobbyklúbbur“ fyrir feita ríka karla, eins og sumir telja golfklúbba helst vera. Þessu þarf vitaskuld að halda vel að bæjaryfirvöldum Garðabæjar og Kópavogs.

Árangur unglinganna á mótariðinni og í sveitakeppnum hefur oft verið betri. Á því er sú skýring kannski helst að 1990 árgangurinn okkar hefur verið bæði stór og sterkur en er nú „útskrifaður“ af unglíngamótariðinni. Varðandi árangur á mótariðinni stóð Ragnar Már Garðarsson upp úr, en hann vann tvo sigra á mótariðinni, þ. á m. Íslandsmeistaratitil í holukeppni. Þá varð hann í 2.-3. sæti á Íslandsmóttinu í högggleik. Saman skilaði þetta Ragnar stigameistaratitil í sínum flokki. Vart þarf að taka fram að Ragnar fékk verðlaun fyrir framúrskarandi árangur á uppskeruhátíð unglíngastarfsins hjá GKG. Hjá stúlkunum hluta Jóna Þórarinsdóttir sömu verðlaun. Þá var Egill Ragnar Gunnarsson valinn efnilegastur pílta og Særós Eva Óskarsdóttir efnilegust stúlkna. Mestu framfarir sýndu svo þau Árni Lárússon og Andrea Jónsdóttir.

Það hefur lengi verið markmið unglínganefndar að auka veg stelpna í golfi. Því miður hefur það ekki gengið sem skyldi og sérstakt áhyggjuefni er hversu fáar stúlkur frá GKG tóku þátt í mótariðinni liðið sumar. Það er enn sárara fyrir þá sök að næstliðin tvö ár hafði GKG átt sigurlið í sveitakeppni stúlkna. Vonandi stendur þetta þó til bóta og duglegur og efnilegur hópur stelpna æfir nú hjá okkur.

Haustið 2008 var út frá því gengið að ekki yrði farin æfingaferð, ástandið þótti ekki bjóða upp á það. Reyndin varð þó önnur og farið var með vaskan hóp til Essex Golf Club, en þangað var einmitt fyrsta æfingaferð unglíngna GKG þremur árum fyrr. Ferðin var örliðið styttri en áður og þar með ódýrari. Afar vel þótti þó takast til og gott að geta haldið dampi, þrátt fyrir samfélagssút. Ótrautt er unnið að æfingaferð afreksunglínna á vori komanda.

Klúbburinn stóð fyrir barnanámskeiðum sem áður. Aftur var boðið upp á námskeið fyrir og eftir hádegi. Námskeiðin gengu vel og eru vel sótt, þótt ekki hafi verið alveg sama aðsókn og sumarið áður.

Haldið var áfram með innanfélagsmótaraðir fyrir krakkana og gekk ágætlega. Uppgjör þeirra má finna á heimasíðu GKG.

Niðjamótið var á sínum stað. Aðsókn var minni en verið hefur, sem voru vonbrigði. Vonandi fara GKgingar að festa þennan viðburðinn á golfdagatalið sitt. Mótið fer ætíð fram laugardaginn fyrir meistaramót og fullyrða má að fyrirkomulagið, þar sem kynslóðirnar spila saman sem lið, sé með því skemmtilegasta sem í golfi gerist. Góðir vinningar voru í boði og súpa og brauð í boði Háfells, sem færðar eru kærar þakkar fyrir. Afraksturinn fór í ferðasjóð unglínganna.



Annað Kaupþingsmót unglíngna liðið sumar var haldið á Vífilstaðavelli og tókst vel til.

Fundað hefur verið með aðstandendum í tvígang á árinu og voru fundirnir ágætlega sóttir. Mikilvægt er fyrir þá sem eru í forsvari fyrir starfið og þjálfarana að finna að aðstandendur sýni því áhuga. Þá hafa verið haldnir sérstakir fundir í tengslum við æfingaferð.

Áfram GKG!

2.7 Skemmtinefnd

Skemmtinefndin stóð svo sannarlega fyrir sínu á nýliðnu starfsári. Nefndin hefur aðstoðað að krafti í sumar sem leið en stundum hefur gætt á þeim misskilningi að nefndin eigi að sjá alveg um uppákomur klúbbsins en svo er ekki. Skemmtinefndin er stöðveild til aðstoðar við aðrar nefndir klúbbsins og hvetjum við nefndir sem þurfa að standa fyrir uppákomum að nýta sér tengsl okkar og aðgang að ýmiss konar skemmtikröftum svo ekki sé talað um óþrjótandi brunn hugmynda. Verið ófeimin að senda okkur póst með fyrirspurnum og við svörum öllum sem eru skemmtilegir.

Sigurður Hlöðversson, siggi@pipar.is
Lórenz Þorgeirsson, lorenz@n1.is
Bjarni Baldvinsson

ALLTAF GAMAN Í SUNDI



1. apríl – 30. september:

Opið virka daga kl. 6:30-22:30 og um helgar kl. 8:00-22:00

1. október – 31. mars:

Opið virka daga kl. 6:30-22:30 og um helgar kl. 8:00-20:00

GLÆSILEGAR SUNDLAUGAR Í KÓPAVOGI

Í sundlaugum Kópavogs er úr nógu að velja, jafnt fyrir unga sem aldna: frábærar úti- og innilaugar, huggulegir heitir pottar, þægilegar vaðlaugar, spennandi rennibrautir og hvers kyns önnur aðstaða til góðrar hreyfingar, slökunar og skemmtunar.

Er hægt að hafa það betra?

SUNDLAUG KÓPAVOGS
v/ Borgarholtsbraut • s. 570 0470

SUNDLAUGIN VERSÖLUM
Versölum 3 • s. 570 0480

www.sund.kopavogur.is





3. KAFLI FRAMKVÆMDASVIÐ



3.1 Vallarnefnd

Símon Kristjánsson formaður
Andrés I. Guðmundsson
Guðmundur Á. Gunnarsson
Kristján Jónasson
Árni Zophoniasson
Sigurður Skúli Bárðarson

Fundir á starfsárinu

Vallarnefnd hélt 7 bókaða fundi á starfsárinu. Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja framkvæmdir og umhirðu vallarins í samstarfi við vallarstjóra, sem er einn nefndarmanna. Aðalmarkmið 2009 var að halda áfram við snyrtingu vellinum.

Golfaðstaða GKG er orðin ein sú glæsilegasta á landinu. 18 holu Leirdalsvöllur og 9 holu völlum í Vetrarmýri. Á árinu 2010 verða ekki miklar nýframkvæmdir á golfvöllum GKG en haldið áfram að snyrta þá og betrubæta á ýmsan veg og gera sem glæsilegasta.

Annars vísa ég í ársskýrslu vallarstjóra sem er hér fyrir neðan.

Ég vil þakka öllu starfsfólki vallarins fyrir gott starf á liðnu starfsári og sérstaklega Guðmundi Á. Gunnarssyni vallarstjóra sem stýrir starfinu af miklum áhuga. Loks þakka ég meðnefndarmönnum mínum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á þessu starfsári.

Símon Kristjánsson,
formaður vallarnefndar

3.2 Skýrsla vallarstjóra

Eldri hluti vallarins opnaði 1. maí í ár sem er tíu dögum fyrr en árið á undan. Leirdalurinn opnaði svo 16. maí sem er 8 dögum fyrr en árið 2008. Völlurinn kom vel undan vetri þetta árið graslega séð, þó svo að brautir og kargi í Leirdal eigi enn töluvert langt í land með að teljast gott.

Þann 28. september var holum 4 til og með 12 lokað og þann 5. október var lokað á eldri hluta vallarins eftir að það snjóaði og frysti líka í nokkra daga. Er þetta frekar snemma hjá okkur þar sem við lokuðum eldri hlutanum 20. október árið áður. Þess má geta að árin áður höfum við ekki fengið svona langa kuldakafli eins og gerðist nú í byrjun október, árin á undan höfum við verið að fá eitt og eitt næturfrost þar sem við höfum getað haft lokað fram að hádegi á meðan sólin bræddi hrímið af.

Sjálfboðadagur var haldinn 27. apríl í rjómabliðu og mættu rúmlega 40 manns til vinnu á vellinum. Farið var um allt vallarsvæðið og tínt mikið af rusli sem borist hafði inn á vallarsvæðið yfir vetrarmánuðina. Einnig var bekkjum keyrt út og hólar á 3. braut rakaðir svo eitthvað sé nefnt. Vallarstjóri vill þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg fyrir frábært framtak.

Framkvæmdir

Töluverðar framkvæmdir voru á árinu. Fimm nýir hvítir teigar voru gerðir og einnig nýr og stærri teigur á 17. braut. Þá var sett vökvunnarkerfi í alla teiga á 8 brautum á eldri hluta Leirdalsvallar. Lagaðar voru innkomur inná teigana á 2., 3. og 16. braut. Teigarnir á 2. á Leirdalsvelli og 8. á Mýrinni voru teknir upp og endurtyrðir nú í haust. Hólarnir vinstra megin við þriðju brautina voru lagaðir þannig að hægt sé að slá þá

á vélum. Gert var átak umhverfis tré þar sem skorinn var hringur og tekið upp úr honum og sett trjáskurl sem við unnum sjálfir á vellinum, stefnt er að því að halda þessu áfram næstu árin.

Dreinað var úr báðum glompunum við 17. flöt. Umhverfi rauða teigsins á 14. braut var lagað og tyrft. Einnig voru settir upp tveir vatnshonar, annar á 6. í Leirdal og hinn við 15. teigana. Þetta eru svona þær helstu framkvæmdir sem starfsmenn GKG unnu að á þessu ári.

Kópavogsbær kom myndarlega að framkvæmdum í Leirdalnum og má þar helst nefna um 3000 m² svæði á 10. brautinni sem var lagað og tyrft, var þar sett ný brautar glompa sem sett hefur nýjan svip á brautina svo um munar. Kópavogsbær dreinaði einnig úr nokkrum glompum á svæðinu.

Vallarstjóri vill þakka Kópavogsbæ fyrir þeirra frábæra framtak í lagfæringu á Leirdalnum.

Gróðursetning

Ekki var mikið um gróðursetningar sem slíkar þetta árið. Unnið var að grisjun í vor og síðastliðinn vetur og var allt sem kom úr því notað í kurl við tré á vallarsvæðinu eins og ég kom inn á hér að ofan.

Starfsmannamál

Í dag eru þrjú heilsárs starfsmenn við vinnu hjá GKG. Þetta eru Guðmundur Árni Gunnarsson vallarstjóri, Sveinn Steindórsson aðstoðar vallarstjóri og Matthew Robbins.

Jónatan Eiríksson yfirmaður verkstæðis og Kristján Jónasson hafa látið af störfum hjá GKG og vill vallarstjóri þakka þeim kærlega fyrir samstarfið í gegnum árin og óskar þeim alls hins besta í framtíðinni.

Í sumar komu 13 sumarstarfsmenn að vinnu á vellinum ásamt 14 unglingavinnu krökkum frá bæjarfélögunum. Einn hópur á vegum Kópavogsbæjar starfaði upp í Leirdal og skipaði hann þegar mest var 8 manns.

Vallarstjóri vill þakka öllum þeim starfsmönnum sem komu að verki á vellinum fyrir frábær störf fyrir GKG.

Framundan

Framundan í vetur framkvæmdarlega séð er að klára að koma vökvunarkerfi í teiga á þeim brautum sem eftir eru á Mýrinni og er þá okkar völlum sá fyrsti á Íslandi sem er kominn með kerfi í allar flatir og teiga.

Vallarnefnd er með á teikniþorðinu ýmsar breytingar og lagfæringar í Leirdalnum og má þar helst nefna umhverfi flata, þar þarf að gera stór átak til lagfæringa og klæða þessar góðu flatir okkar í fallett og gott umhverfi.

Vallarstjóri er og verður í vetur í viðræðum við Kópavogsbæ um fleiri lagfæringar á brautum eins og þeirri sem gerð var á 10. braut í sumar.

Þetta er það stærsta sem er í gangi í vetur ásamt alls kyns smá verkum sem eru til að laga snyrtimennsku á vellinum.

Lokaorð

Mikið var og er lagt upp úr snyrtimennsku þetta árið og mikil áhersla lögð á að klára þau verk sem byrjað var á og held ég að það hafi tekist í lang flestum tilvikum.

Völlurinn var í flesta staði í mjög góðu ástandi í sumar svo ekki sé talað um veðrið sem var frábært. Vellirnir báðir hafa líklega aldrei verið eins mikið nýttir og þetta árið eða um 51.000 hringir spilaðir sem er mjög mikið. Það sem vallarstjóra finnst að vanti uppá er að fá betri ræktun í brautirnar á nýja svæðinu og þar erum við einnig að berjast við mikla þurka sem gerir alla ræktunnavinnu enn erfiðari en ella. Spurningin er hvort að það þurfi að fara hugsa vökvunarkerfið lengra og fara að setja úðara inn í brautirnar líka en það er mjög kostnaðarsöm aðgerð og mikið rask í brautirnar.

Að lokum vill ég þakka Ólafi framkvæmdarstjóra, vallarnefnd og stjórninni fyrir gott samstarf á árinu 2009.

Guðmundur Árni Gunnarsson

Vallarstjóri GKG

3.3 Fjáröflunar- og kynningarnefnd

Nefndarmenn:

Framkvæmdastjóri og Jón Snorri Snorrason

Reynt var með sama hætti og áður að hafa sem mesta fjölbreytni í að afla sem mest fjár fyrir félagið með skriflegum samningum við fyrirtæki og velunnara um kostanir, fyrirtækjamót, boðsmót, bekki, auglýsingar og merkingar á vellinum sjálfum. Félagsmenn voru hvattir til að hafa samband við þau félög, sem þeir þekktu til hjá og allar klær úti enda margir golfklúbbar að herja á sömu mið.

Nokkrir samningar voru að renna út og þurfti endurnýjunar við. Eins og áferðið var á síðasta ári gengu fjáröflunarmálin ekki sem skildi. Nú á nýju ári renna nokkrir samningar til viðbótar út. Það er von okkar að félagsmenn sjái sér fært um að starfa með nefndinni að fjáröflun en án hennar verður reksturinn mun erfiðari.

Nefndin vill hvetja sem flesta félagsmenn til að aðstoða við fjáröflun á komandi ári, því margsannað er að margar hendur vinna létt verk.

Fjáröflunarnefndin vill þakka öllum styrktar og auglýsinga aðilum klúbbsins gott samstarf og vonar að framtíðin verði björt.



896 0700
896 0567
www.gunnarsholmi.is

Túnpökur fást hér

Gras er okkar fag

GUNNARSHÓLMI
GRASAVINAFÉLAG

3.4 Vetrarvöllur GKG

Ágætu kylfingar!
Vinsamlegast forðist
að ganga um sumar-
flatirnar og teigana.
Flytjið bolta ykkar
út af brautunum og
stillið upp þar.

Vetrarvöllur
Víflsstaðavallar
veturinn 2009-2010

BRAUTIRNAR		
BRAUT	PAR	Áætluð lengd
1	4	Ca. 250 m
2	3	Ca. 70 m
3	4	Ca. 240 m
4	3	Ca. 100 m
5	4	Ca. 250 m
6	4	Ca. 230 m
7	4	Ca. 300 m
8	4	Ca. 270 m
9	3	Ca. 100 m
Samtals	33	Ca. 1.810 m

Vetrarvöllur GKG 2009 - 2010



Atlantsolía | Lónsbraut 2 | 220 Hafnarfjörður | Sími 591-3100 | Fax 591-3101 | www.atlantsolia.is

4. KAFLI FJÁRMÁL

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar

Við höfum endurskoðað ársreikning Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar fyrir reikningsárið 1. nóvember 2008 til 31. október 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á reikningsárinu 1. nóvember 2008 til 31. október 2009, fjárhagsstöðu þess 31. október 2009 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju

Reykjavík, 18. nóvember 2009

KPMG hf.

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar, höfum yfirfarið ársreikning þennan og er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggar upplýsingar um rekstur klúbbsins á reikningsárinu, fjárhagsstöðu hans í lok reikningsársins og um breytingu á handbæru fé á tímabilinu.

Reykjavík, 18. nóvember 2009

SUND...lættir lund



Sundlaugin í Ásgarði
hefur allt til alls,

þar er *mjög góð*
25 metra sundlaug,

skemmtileg barnalaug
með ýmsum leiktækjum,

tveir *notalegir* heitir pottar
og gufubað.

Komdu og nýttu þér
þá *glæsilegu* aðstöðu
sem er í boði.

Tilvalinn staður
fyrir alla fjölskylduna.



Sundlaug Garðabæjar
Íþróttamiðstöðin Ásgarði
sími 565 8066

Opnunartími:

Mánudaga - föstudaga kl. 6:30-21
Laugardaga - sunnudaga kl. 8-18

Hætt er að selja aðgöngumiða
hálf tíma fyrir auglýstan lokunartíma



PÓSTURINN

allur pakkinn



ISLAND 508

Jóla kort og jólafrímerki

Ættingjar vilja sjá myndir.
Nú getur þú hannað þín eigin
jóla kort og jólafrímerki á
www.postur.is

Rekstraryfirlit

1. nóvember 2008 til 31. október 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		83.803.284	86.713.269
Vallargjöld		8.048.050	5.636.084
Bolta- og kerruleiga		5.108.050	3.704.820
Tekjur af golfmótum		9.131.800	7.926.075
Rekstarframlög og fyrirtækjasamningar		14.129.050	19.248.830
Sértekjur A-nefndar		605.779	50.000
Sértekjur U-nefndar		5.300.823	6.673.030
Aðrar rekstrartekjur	8	3.459.489	4.791.646
		<u>129.586.325</u>	<u>134.743.754</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	9	56.361.046	63.546.737
Skáli og áhaldahús	10	3.398.620	3.999.298
Golfvöllur og æfingasvæði	11	12.109.482	16.029.499
Unglingastarf og almenn kennsla	12	527.027	3.387.073
Keppnisgolf og mótahald	13	7.900.098	9.247.960
Gjöld til GSÍ		4.687.200	5.119.200
Annar rekstrarkostnaður	14	8.533.194	7.269.407
Afskriftir	4	10.527.229	7.198.292
		<u>104.043.896</u>	<u>115.797.466</u>
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		25.542.429	18.946.288
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		286.029	2.050.059
Vaxtagjöld og verðbætur		(5.245.850)	(8.449.063)
Gengismunur		(6.547.360)	(25.241.450)
		<u>(11.507.181)</u>	<u>(31.640.454)</u>
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		<u>14.035.248</u>	<u>(12.694.166)</u>

Efnahagsreikningur 31. október 2009

	Skýr.	2009	2008
Eignir			
Golfvöllur		218.766.295	216.723.404
Golfskáli		36.587.077	38.441.220
Bifreiðastæði og umhverfi		12.908.655	12.908.655
Vélar, tæki og áhöld		28.866.785	36.782.276
Fastafjármunir	4	<u>297.128.812</u>	<u>304.855.555</u>
Vörubirgðir		340.000	220.000
Viðskiptakröfur		2.967.979	1.186.261
Aðrar skammtímakröfur		331.605	0
Handbært fé		237.424	51.606
Veltufjármunir		<u>3.877.008</u>	<u>1.457.867</u>
Eignir samtals		<u><u>301.005.820</u></u>	<u><u>306.313.422</u></u>
Eigið fé			
Eigið fé		229.515.225	215.479.977
Eigið fé	5	<u>229.515.225</u>	<u>215.479.977</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	6	<u>21.633.249</u>	<u>25.650.137</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		27.547.162	40.084.986
Viðskiptaskuldir		1.411.023	2.764.741
Næsta árs afborgun langtímaskulda	7	13.728.558	16.991.670
Aðrar skammtímaskuldir		7.170.603	5.341.911
		<u>49.857.346</u>	<u>65.183.308</u>
Skuldir		<u>71.490.595</u>	<u>90.833.445</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>301.005.820</u></u>	<u><u>306.313.422</u></u>



**LÍFLEGUR GOLFKLÚBBUR
FRÁBÆRT FÉLAGSLÍF!**



Sjóðstreymisyfirlit

1. nóvember 2008 til 31. október 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		14.035.248	(12.694.166)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Gengismunur langtímalána		6.547.360	25.546.387
Afskriftir	4	10.527.229	7.198.292
Veltufé frá rekstri		31.109.837	20.050.513
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Birgðir, hækkun		(120.000)	(220.000)
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(2.113.323)	2.183.360
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun)		474.974	(15.663.662)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		(1.758.349)	(13.700.302)
Handbært fé frá rekstri		29.351.488	6.350.211
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir		(2.800.486)	(19.904.292)
Fjárfestingarhreyfingar		(2.800.486)	(19.904.292)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán		0	6.037.869
Afborganir langtímalána		(13.827.360)	(14.207.962)
Skammtímalán, breyting		(12.537.824)	21.695.969
Fjármögnunarhreyfingar		(26.365.184)	13.525.876
Breyting á handbæru fé		185.818	(28.205)
Handbært fé í byrjun tímabils		51.606	79.811
Handbært fé í lok tímabils		237.424	51.606



Klúbbmeistarar GKG 2009, Alfur Brynjar Kristinsson og Ingunn Gunnarsdóttir ásamt Guðmundi Oddssyni.

Lokaorð

Þá er þessu starfsári að ljúka og er óhætt að segja að það hafi um margt verið viðburðarríkt. Eins og glöggst má sjá við lestur þessarar ársskýrslu er unnið mjög metnaðarfullt starf innan GKG. Þar koma margir að og vil ég þakka þeim öllum fyrir vel unnin störf á liðnu starfsári. Vitanlega mæðir mest á framkvæmdastjóranum, Ólafi E. Ólafssyni, og vallerstjóranum Guðmundi Á. Gunnarssyni. Þessir tveir eru lykilmenn í öllum umsvifum GKG og vil ég þakka þeim báðum fyrir vel unnin störf á liðnu starfsári. Vellirnir okkar hafa tekið miklum stakkaskiptum á liðnum árum og s.l. sumar var mikil áhersla lögð á aukna snyrtingu þeirra og það kunna félagarnir vel að meta. Þessu verki verðum við að halda áfram og munum gera. Við munum leggja mikla áherslu á að setja varanlegt slitlag á göngustígana sem vitaskuld myndi breyta allri ásýnd vallanna. Þá er rétt að minna á, að við höfum sótt um og fengið samþykkt að halda Íslandsmótið í högggleik árið 2014. Það ár verður GKG 20 ára og það verður vonandi hvatnig til

okkar allra til að hafa allt umhverfi vallanna sem glæsilegast. Á nýliðnu ársþingi GSÍ var Bergþóra Sigmundsdóttir stjórnarmaður í GKG kosin í aðalstjórn GSÍ og óska ég henni til hamingju með þá kosningu. Guðmundur Ólafsson fyrrum gjaldkeri GKG hefur setið í stjórn GSÍ um árabíl en lét nú af þeim störfum.

Ég vil svo þakka meðstjórnarmönnum mínum fyrir gott samstarf svo og öllu starfsfólki GKG og loks ekki síst öllum þeim mikla fjölda sem vinnur við þjálfun og starfar í nefndum á vegum GKG fyrir þeirra þátt í að gera klúbbinn okkar sem öflugastan.

f.h. stjórnar GKG
Guðmundur Oddsson,
formaður.

Er um bestir í límmiðum



Bæjarhrauni 24 -220 Hafnarfjörður
Sími 414 2500
www.vorumerking.is

"No, please, don't get me a diamond...
get me a really big closet."
- Sex and the City

"My PRECIOUS."
- Lord of the Rings



- bara lúxus

- Auglýsingar
- Nemendasýningar
- Leiga á forsyningum
- Starfshópasýningar
- Vinnufundir og kynningar

Tökum á móti stærri og smærri hópum.
Kynntu þér málið og fáðu nánari upplýsingar

Laugarásbíó • Sími: 534 0400 • laugarasbio@laugarasbio.is • www.laugarasbio.is

Jóla-púttmótaröð Hraunkots

Næstu Sunnudaga í nóvember og desember verður haldin jólapúttmótaröð Hraunkots. Veitt verða glæsileg verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverju móti og svo enn glæsilegri verðlaun fyrir samanlagðan árangur.

Mötin byrja Sunnudaginn 29. nóvember 2009 og síðasta mótið verður haldið á gamlársdag.

Reglur eru einfaldar allir velkomnir sama úr hvaða klúbb menn koma. Keppendur fá tvær tilraunir á 18 holu innipúttvellingum í Hraunkoti og skila inn betri hring dagsins. Verðinu er stílt mjög í hóf aðeins 500 krónur.

Verðlaunin eru glæsileg í hverju móti:

1. sæti Gullboltakort í Hraunkot
2. sæti Bíomiði fyrir tvo í Laugarásbíó og kjúkingamálitið á KFC
3. sæti Bíomiði fyrir tvo í Laugarásbíó

Einnig verða svo veitt sérstök verðlaun fyrir bestan árangur úr öllum mótunum þar sem 4 bestu mötin af 5 telja. Í gamlársdagsmóti verða verðlaun sérstaklega glæsileg.

Móts dagar eru sem hér segir:

Sunnudagurinn 29. nóv frá kl 13-18
Sunnudagurinn 06. des frá kl 13-18
Sunnudagurinn 13. des frá kl 13-18
Sunnudagurinn 20. des frá kl 13-18
Fimmtudaginn 31. des (gamlársdagur) frá kl 11-16

Munið vinsælu Gjöfabréfin í Hraunkot fyrir Jólin. Gjöfabréfin fást í Hraunkoti og Golfbúðinni Dalshrauni 13.



Nánari upplýsingar í Hraunkoti í síma 5653361

Jákræða
heilsan

Horfum
jákrætt
fram á veginn



SPARISJÓÐUR

Sími 575 4000 • byr.is

AMERICAN
EXPRESS

®



Kortið sem
kemur þér út

Þú safnar Vildarpunktum
miklu hraðar með
American
Express en með
öðrum sambærilegum kortum!

